
Samstarf skóla og vinnustaða

Stöðluð vinnubrögð,
sameiginleg ábyrgð þriggja aðila.

22. apríl 2022. Menntabúðir í MA
Harpa Birgisdóttir, VMA harpa@vma.is
Hulda Hafsteinsdóttir, Medullu medulla@mi.is
Jóhannes Árnason, VMA jarn@vma.is



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Skóli og vinnustaðir

Við myndum líklega efla nemendur okkar ennþá meira ef við erum í nánara samstarfi við vinnustaði.

Athugið að vinnustaðir eru sérfræðingar í faginu og verkefnum sínum. Einnig að taka við nýjum starfsmönnum og þjálfa þá. Skólar eru sérfræðingar í að fræða og þjálfa grunninn.

Hverjir eru sérfræðingar í því að láta samhæft skólanám og þjálfun á vinnustað skila hæfu fólki inn í starfsgreinar?



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Þarf endilega að læra að gera hluti?

Mjög fá eða engin störf eru þannig að ekki þurfi að beita þekkingu og leikni og ná hæfni til að vinna þau.

Hér verður gengið út frá því að það sé eðlilegt að gera ráð fyrir þjálfun og að þekking og skilningur geri starfsmenn hæfari.

Með góðri þjálfun og stuðningi er líklegra að nemi/nýliði hafi áhuga, nái þeirri hæfni sem þarf í starfið og vilji vera hluti af starfsgreininni.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Hvernig samstarf skóla og vinnustaða?

Raddir þátttakenda: Endilega prófa að svara eða koma með aðrar spurningar.

Hvernig er aðkoma vinnustaða að náminu núna?

Hvar kemur rödd vinnustaðanna inn þegar við kennum starfsgreinar?

Hvaðan koma kröfur um hæfni nemenda?

Hvernig næst meira samband milli vinnustaða og skólans?

Þarf formlegt samband eða er hægt að vera í slíku sambandi og byggja það á persónulegum tengslum?

Hverjir í skólanum ættu að taka þátt í svona samvinnu?

Hvernig ætti að byrja á að koma sambandinu á?

????

Samkomulag þriggja aðila - Skóli

Þrjú aðilar ættu að bera ábyrgð á námi og þjálfun.

Skóli / miðstöð starfsþjálfunar, nemi og vinnustaður.

Skóli / miðstöð starfsþjálfunar ætti að vera sá aðili sem sér um utanumhald og vinnur mest af pappírnum, skipulagi, mati og úrvinnslu. Skólinn sér um fræðslu í grunnatriðum, umfjöllun um bóklega þætti og aðstoðar nemandi við að fá pláss á vinnustað.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Samkomulag þriggja aðila - Nemi

Neminn ber ábyrgð á sjálfum sér hegðun, ástundun og námi sínu.

Ef nemanum er alvara í að verða hluti af starfsstétt eða starfsgrein þarf neminn að vera meðvitaður um það hvaða hæfni þarf til.

Þar með að tileinka sér þekkingu, öðlast leikni í vinnubrögðum og ná smám saman hæfni til að vinna þau verkefni sem koma fyrir í starfinu. (Oft eru öryggismál því miður ekki mjög ofarlega í huga nemanna.) Ber sjálfur ábyrgð á að sýna fram á hæfni...



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Samkomulag þriggja aðila - Vinnustaður

Vinnustaðurinn ber ábyrgð á því að öryggis og heilsuverndarkröfum sé fullnægt í þjálfuninni. Einnig að aðrar formlegar kröfur séu uppfylltar. Þjálfar faglega þáttinn við raunverulegar aðstæður.

Starfsfóstri eða starfsmentor (tilsjónarmaður) styður nemann og neminn fær þjálfun við hæfi. Grunnatriði fyrst og svo koma flóknari og sjálfstæðari úrlausnarefni síðar. Vinnustaður tekur þátt í mati á frammistöðu.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

VMA og alþjóðleg samstarfsverkefni

Starfsmenn Verkmenntaskólans á Akureyri hafa tekið þátt í nokkrum Evrópskum samstarfsverkefnum sem fjalla með einum eða öðrum hætti um það sem þarf að gera þegar nemi er í skóla og í þjálfun á vinnustað. VET = Vocational Education and Training

POETE, WorkMentor, WorkQual, AppMentor, VET@Work, SOS-Mobilities og fleiri.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

VMA - vinnubrögð óháð faggrein

Hægt er að greina að efni og innihald fagsins/starfsgreinarinnar frá utanumhaldi með vinnustaðanámi og starfsþjálfun.

Skipulag og utanumhald er oftast það sama óháð faggrein, hugmynd um ferilbækur gengur upp.

Vissulega þarf að skoða fagkröfur og að vinnustaður og skóli uppfylli kröfur sem yfirvöld og faggreinin gera. Mat á frammistöðu nemans er líka blandað, almenn atriði og fagtengd.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

VMA og reynsla úr mörgum áttum

Við höfum lært af samstarfsaðilum okkar frá **Englandi, Hollandi, Finnlandi, Frakklandi, Noregi, Spáni** og fleiri löndum.

Þessir aðilar starfa við skóla og þjálfunarmiðstöðvar og sjá um að fylgja nemum sem eru í starfsþjálfun eða vinnustaðanámi.

Niðurstöður WorkMentor, WorkQual, Appmentor og VET@work verkefnanna koma út úr greiningu á þörfum og því að setja saman reynslu úr mörgum áttum.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

VMA stýrði WorkMentor verkefninu

<https://workmentor.vma.is>

https://workmentor.vma.is/wiki/images/e/e5/ICE_Workmentor_Training_Pack_Final_Version.pdf

Mentorafræðsla færð yfir á tengsl starfsmanns á vinnustað og nema/nýliða. Þróað námskeið / umræða um hlutverk mentors og vinnustaðar í þjálfuninni.

Námskeið prufukeyrt í fleiri löndum.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

VMA stýrði WorkQual verkefninu

<https://workqual.vma.is>

[Workqual handbókin á Íslensku](#)

Könnun meðal atvinnurekenda um hvað er mikilvægt þegar nemar eru sendir í þjálfun. Teknir með þættir sem atvinnurekendur völdu. Útbúin handbók í gæðakerfisstíl um þau skref sem þarf að taka.

Gæti orðið gagnlegt við að staðla skjöl og vinnubrögð.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



AppMentor verkefnið

AppMentor fjallaði um:

1. Kynning og þjálfun á starfsmentor
2. Færni starfsmentors
3. Þjálfun og starfsmentor á vinnustaðnum
4. Notkun samfélagsmiðla og Appa í handleiðslu á vinnustað.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

VET@Work verkefnið

VET@Work fjallar um frekari skoðun og þróun á vinnubrögðum þegar skólar og vinnustaðir vinna saman að námi og þjálfun nema.

Af hverju ættu vinnustaðir að vilja samstarf?

Hvernig viljum við að samstarfið sé?

Hvernig samstarf er framkvæmanlegt?

12 leiðir farnar í þessu verkefni

Hvaða brautir í VMA senda nemendur í vinnustaðanám eða starfsþjálfun

- Sjúkraliðar 15 eininga vinnustaðanám (þrisvar sinnum 15 vaktir) og 16 vikna starfsþjálfun
- Rafvirkjanemar á fimmtu önn í eina viku í vinnustaðanámi
- Nemar í matvælagreinum, á annarri önn í eina viku
- Starfsbrautarnemar, fjórar annir í starfsþjálfun (vinnustaðanám).
- Hársnyrtibraut 20 vikur 800 klst skiptist niður á 4.annir

VMA og vinnustaðir - aftur

Við myndum líklega efla nemendur okkar ennþá meira ef við erum í nánara samstarfi við vinnustaði. Hvernig gerum við það?

Athugið að vinnustaðir eru sérfræðingar í faginu og verkefnum sínum. Einnig að taka við nýjum starfsmönnum og þjálfa þá. Skólar eru sérfræðingar í að fræða og þjálfa grunninn.

Hverjir eru sérfræðingar í því að láta samhæft skólanám og þjálfun á vinnustað skila hæfu fólki inn í starfsgreinar?



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union